

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Hildar Njarðvík, nefndarritara
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. janúar 2003
Tilvísun: 0212043
60.12

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög, 396. mál, heildarlög.

Íbúðalánasjóður hefur móttengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Af hálfu sjóðsins er ekki tekin efnisleg afstaða til frumvarpsins.


Sjóðurinn vill koma að eftirfarandi ábendingum varðandi tvær greinar frumvarpsins:

15. gr. 2. mgr., að bætt verði inn orðinu "almennt". Setningin byrjaði þá þannig:
Búseturéttihafa er skylt að annast á sinn kostnað almennt viðhald á íbúð sinni,.....
"Almennt viðhald" er e.t.v. skýrari afmörkun frá "endurnýjun" í 3. mgr. heldur en "viðhald" eingöngu.

20. gr. 1. mgr., að bæta við tilvísun í 22. gr. um riftun. Setningin væri þá þannig:
Búsetusamningur er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélags, sbr. þó riftunarákvæði í 22. gr.

Gleggra að vekja athygli á riftunarheimild húsnæðissamvinnufélags þar sem greint er að félagið geti ekki sagt upp búsetusamningi.

Virðingarfyllst f.h. Íbúðalánasjóðs



Einar Jónsson